

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar
dráttarbrauta og skipasmíðastöðva.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, allt að 50 millj. kr. samtals, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, þó ekki meir en 60% af kostnaðarverði framkvæmda á hverjum stað, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

Ef sérstaklega stendur á að dómi ráðherra, má upphæð ríkisábyrgðar nema allt að 80%, enda séu fyrir hendi fullnægjandi tryggingar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 102/1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð
og sölu þjóð- og kirkjujarða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrirsögn V. kafla hljóði svo:

Um lausn frá óðalsákvæðum, ráðstöfun ættaróðals og erfðir.

2. gr.

Upphaf 17. gr. hljóði svo:

Þegar óðalsbóndi verður að bregða búi vegna elli, vanheilsu eða af öðrum þeim ástæðum, sem valda því, að honum er ókleift að halda áfram búskap, er landbúnaðarráðherra heimilt að leysa óðalið frá óðalsákvæðum, ef engir þeirra ættingja, sem rétt hafa til óðalsins, vilja taka við því til ábúðar, enda mæli sýslunefnd og Búnaðarfélag Íslands með þeirri ráðstöfun. Samþykki landbúnaðarráð-

herra lausn óðals frá óðalsákvæðum, er óðalsréttarhafa heimilt að selja það við því verði og þeim kaupanda, er hann kýs, enda hafi þeir, sem forkaupsrétt eiga að lögum, hafnað honum.

Þegar óðalsbóndi annars bregður búi eða deyr o. s. frv.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum um Iðnlánasjóð, nr. 68 10. okt. 1967.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 1. töluliðs 5. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Verja skal 10% af árlegu iðnlánasjóðsgjaldi frá 1. janúar 1968 til að greiða fyrir hagrannsóknnum í þágu iðnaðarins og aðgerðum, sem stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun í landinu. Stjórn sjóðsins ráðstafar þessu fé í samráði við Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna.

2. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða til lánadeildar veiðarfæraiðnaðar allt að 1.5 millj. króna til að bæta innlendum veiðarfæraiðnaði það tjón, sem hann hefur, að mati stjórnar Iðnlánasjóðs, beðið vegna ákvarðana stjórnarvalda um breytingu á reglum um möskvastærðir fiskineta 1963 og 1964.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.